



Reglur um viðhald og nýbyggingu girðinga.

1.gr.

Reglur þessar eru settar skv. Girðingalögum nr. 135/2001.

2. gr.

Viðhald og nýbygging girðinga þar sem kostnaðarhlutdeild Húnavatnshrepps er 80% skal unnið af aðilum sem sveitarfélagið semur við. Efniskaup skulu einnig vera á vegum Húnavatnshrepps.

3.gr.

Nauðsynlegt er að ná samkomulagi við landeigendur um hagkvæmstu leiðir um viðhald og endurbætur þeirra girðinga, sem Húnavatnshreppur er aðili að og eru með annarri kostnaðarskiptingu en tilgreind er í 2.gr..

4.gr.

Húnavatnshreppur áskilur sér rétt til að gera úttekt á girðingum og viðhaldi þeirra áður en greiðsla á hlut sveitarfélagsins fer fram.

5.gr.

Reglur þessar ná yfir allar girðingar sem viðkoma sveitarfélaginu og líka þær sem áður voru í umsjón Auðkúluheiðar ehf.

6. gr.

Ákvörðun þessi var samþykkt á 222. fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps þann 13. desember 2019.


Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

